

1. SÖLUHEITI EFNIS, NAFN, HEIMILISFANG OG SÍMI INNFLYTJANDA/SELJANDA

Söluheiti: PT 725 - Rúðugrunnur

Notkun efnis: Grunnur á rúður.

Dreifing og sala: ORKA ehf, Stórhöfða 37, Reykjavík, Sími: 586 1900
www.bilrudur.is

Framleiðandi: PMA/TOOLS DIVISION, D-47877 Willich, Germany.

Neyðarsími framleiðanda: 0049 2154-9222-30

Sími neyðarlínu Lögreglu, Sjúkraliðs og Slökkviliðs: 112

Sími eitrunarmiðstöðvar Landspítala HS: 543 2222

2. HÆTTULÝSING:



Varúðarmerkingar: F: Mjög eldfimt



Xi: Ertandi

Upplýsingar varðandi sérstaka áhættu gagnvart mönnum og umhverfi:

Vöruna þarf að merkja samkvæmt ákvörðun „General Classification guideline for preparations of the EU“ í síðustu útgáfu.

Hættusetningar:



- H11 Mjög eldfimt
- H36 Ertir augu
- H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð
- H 66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
- H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Þessi flokkun er gerð samkvæmt lista yfir Hættu- og varnaðarsetningar Umhverfisstofnunar 2010

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

-Eiginleikar efnis

-Lýsing: Efnablanda, innihaldi lýst hér fyrir neðan ásamt hættulausum íblöndunarefnum.

Hættuleg innihaldsefni:		
EINECS: 205-500-4	Ethyl acetate  F,  Xi; H11-36-66-67	50-90%
	Polyisocyanate, aliphatic aromatic H43	1-10%

Viðbótarupplýsingar um hættusetningar eru í kafla 16.

4. SKYNDIHLJÁLÐ:

Almennt: Ef einkenni eitrunar koma fram eða grunur leikur á eitrun skal í öllum tilvikum haft samband við lækni. Einkenni eitrunar geta jafnvel komið fram eftir nokkra klukkutíma og þess vegna er nauðsynlegt að fylgjast með viðkomandi í 48 tíma eftir að slys verður.

Eftir innöndun: Komið viðkomandi undir bert loft og notið öndunarhjálp ef nauðsynlegt er; haldið á honum hita og hafið samband við lækni. Ef viðkomandi missir meðvitund, leggið hann í hliðarstöðu fyrir flutning.

Snerting við húð: Fjarlægið mengaðan, óhreinan fatnað tafarlaust, þvoið rækilega með vatni og sápu. Ef útbrot koma í ljós, hafið samband við lækni.

Snerting við augu: Fjarlægið snertilinsur. Haldið augnlokum uppi og skolið stöðugt undir rennandi vatni í minnst 10. Mín. Leitið lækniástoðar ef þurfa þykir.

Inntaka: Skolið munninn vel með vatni. Reynið ekki að koma af stað uppköstum. Ef einkenni koma fram, leitið lækniástoðar.

5. ELDSVOÐI: VIÐBRÖGÐ

Slökkviefni – aðferð: CO₂, slökkviduft, alkóhólpolin froða. Kælið hættulegar umbúðir með vatni.

Notið ekki háþrýstidætur með vatni á eldinn.

Verði eldsvoði geta eftirfarandi efni myndast:

Karbónoxíð

Nítrógenoxíð

Blásýra (Hydrogen cyanide)

Eitruð hitasundrandi efni (Toxic pyrolysis products)

Eitraðar gufur sem eru þyngri en loft

Ef eldurinn breiðist út nálægt jörð, getur eldinum slegið niður aftur á upphafsstað.

Varúðarbúnaður: Andið ekki að ykkur gufum við sprengingu eða eldsvoða. Notið ferskloftsgrímur við eldsvoða eða aðrar viðeigandi öndunargrímur miðað við stærð eldsins.

Aðrar upplýsingar: Fargið menguðu vatni og öðru sem notað er til slökkvistarfs í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

6. EFNALEKI

Til varnar starfsmönnum: Fjarlægjið orsök íkveikju. Reykið ekki í námunda við efnið. Tryggið næga loftræstingu. Forðist að anda að ykkur gufum frá efninu og snertingu við augu eða húð. Notið hlífðarfatnað og annan hlífðarbúnað. Haldið starfsmönnum án hlífðarbúnaðar fjarri. Getur verið hált.

Til varnar umhverfi: Tilkynnið viðkomandi yfirvöldum um hættu á að efnið vætli út í grunnvatn eða niðurföll. Komið í veg fyrir að efnið renni í niðurföll eða út í vatnskerfi.

Uppsöfnun /þrif: Notið efni sem binda vökva, t.d. sand, sag, kísilgúr eða vikursalla til að hreinsa efnið upp. Setjið í þétt ílát og fargið í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Tryggið að loftræsting sé næg og skolið ekki með vatni eða hreinsiefnum blönduðum með vatni.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun: Tryggið góða loftræstingu á vinnustaðnum. Forðist að anda að ykkur gufum frá efninu. Geymið fjarri eldfimum efnum. Lesið leiðbeiningar sem fylgja efninu vel áður en efnið er notað.

Upplýsingar sem varða eld- og sprengihættu: Reykingar og neyslu matar og/eða drykkjar skal banna á notkunarsvæði efnisins. Verjið gegn stöðuspennu.

Geymsla: Kröfur til geymslustaðar og íláta: Geymið ekki á göngum eða í stigahúsum. Geymist vel lokað í upphaflegum umbúðum. Geymið ekki nálægt eldfimum efnum eða efnum sem hætt er við sjálfíkveikju. Verjið gólf gegn leysiefnum.

Sérstakar kröfur um geymslu:

Sjá kafla 10

Geymist á svölum stað. Geymist í vel loftræstu rými. Geymið fjarri beinu sólarljósi og hita.

8. FORVARNIR – HLÍFÐARFATNAÐUR

Viðbótarupplýsingar: Sjá kafla 7.

Innihaldsefni sem þarfnast aðgæslu á vinnustað:	
Polyisocyanate, aliphatic aromatic	
WEL ()	Skammtímagildi: 0,02 mg/m ³ , (Isocyanate) Langtímagildi: 0,07 mg/m ³ , (Isocyanate)
123-86-4 n-butyl acetate	
WEL ()	Skammtímagildi: 966mg/m ³ , 200 ppm Langtímagildi: 724 mg/m ³ , 150 ppm
141-78-6 ethyl acetate	
WEL ()	Skammtímagildi: 400 ppm Langtímagildi: 200 ppm

Hlífðarfatnaður og hlífðartæki:

Almenn varúð og þrif: Þvoið hendur fyrir matarhlé og við lok vinnu.

Geymið ekki nálægt matvælum, drykkjarvörum eða fóðri.

Fjarlægjið mengaðan og óhreinan fatnað strax. Notið viðeigandi hlífðarfatnað og öryggisskó.

Forðist snertingu og notið hlífðargleraugu.

Til verndar öndunarfærum: Tryggið góða loftræstingu. Sé efnamettun lofts umfram mengunarmörk í lengri tíma skal starfsmaður nota viðeigandi öndunargrímu (Filter A). Fyrir lengri tíma skal nota ferskloftsgrímur.

Hendur: Notið hlífðarhanska sé um síendurtekna snertingu við efnið að ræða. Prófið tegund hanska fyrir notkun (t.d. gagnvart efnaþoli og styrk) og fylgið leiðbeiningum framleiðanda um notkun, geymslu, hirðu og endurnýjun. Endurnýið skemmda eða slitna hanska tafarlaust. Hlífðarhanskar úr butyl eða neoprene eru æskilegir. Mælt er með notkun handáburðar til að forðast ofþornun á höndum.

Augu: Notið ávallt hlífðargleraugu ef hættu er á að efnið komist í snertingu við augu. Notið öryggisglæraugu sem falla þétt að og hlífa einnig hliðum.



9. EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR.

Almennar upplýsingar:

Form/litur/lykt:	Vökvi, svartur, sérkennandi lykt
Bræðslumark:	Ótilgreint
Suðumark:	Ótilgreint
Blossamark:	<21°C (DIN 53213)
Sprengihætta:	Efnið er ekki sprengifimt. Hins vegar getur það myndað sprengfimar gufur/lofttegundir.
Oxíðering:	Nei
Sprengimörk:	
Neðri:	2.1 Vol % (20°C)
Efri:	11.5 Vol % (20°C)
Gufuprýstingur við 20°C:	<110 kPa (1,10 bar)
Leysni í vatni:	Óleysanlegt

10. STÖÐUGLEIKI/HVARFAGIRNI

Niðurbrot við hita / aðstæður sem ber að varast: Efnið er stöðugt ef meðferð og geymsla er rétt. Varist opinn eld, hita og eldfim efni. Verjið gegn stöðuspennu. Ekkert niðurbrot ef efnið er notað í samræmi við leiðbeiningar.

Hættuleg efnahvörf: Varist snertingu við sterk oxíðerandi efni. Varist snertingu við sterk alkalíefni. Varist snertingu við sterkar sýrur, efni blönduð alkóhóli eða amínum. Efnið getur myndað Koldíoxíð í lokuðum tönkum og við það eykst þrýstingur og hætta á sprengingu.

Hættuleg niðurbrotsefni: Engin hættuleg niðurbrotsefni þekkt.

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Bráðaeitrun:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Snerting við húð: Ertir húð.

Við augu: Ertir augu

Frekari upplýsingar:

Getur valdið ertingu við innöndun, asthma einkennum og öndunarerfiðleikum.

Ef innöndun efnisins fer yfir hættumörk í skemmri tíma getur það valdið:

Pírringi í öndunarfærum, hósta, höfuðverk, svima, skemmdum á miðtaugakerfinu, samhæfingarerfiðleikum, meðvitundarleysi.

Ef innöndun efnisins fer yfir hættumörk í lengri tíma getur það valdið:

Efnið eyðir húðfitu, húðþurrki, húðútbrotum, húðeyðingu.

Við inntöku; Ógleði og uppköstum.

Efni sem geta haft áhrif á miðtaugakerfið:

Svart kolefni.

12. SKAÐSEMI GAGNVART UMhverfi

Eituráhrif í umhverfinu:

Almennar upplýsingar: Hættulegt vatni. Látið ekki óþynnt efni eða mikið magn af efninu komast í snertingu við grunnvatn, vatnsföll eða niðurföll. Hættulegt drykkjarvatni, jafnvel við lítinn leka í grunnvatn.

13. TIL ATHUGUNAR VIÐ FÖRGUN

Vara:

Má ekki henda með venjulegu heimilissorpi. Látið ekki efnið komast í niðurföll eða ræsi.

Spilliefnaskrá (European Waste Catalogue)
08 01 11 afgangur af málningu og lakki sem innihalda lífræn leysiefni eða önnur hættuleg innihaldsefni

Óhreinsaðar umbúðir:

Tæmið umbúðir algjörlega. Ómengaðar umbúðir er hægt að endurvinna. Klippið ekki, gatið eða logsjóðið óhreinsaðar umbúðir. Leifar af efninu geta valdið sprengihættu. Fargið í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

14. UPPLÝSINGAR UM FLUTNING – STAÐALL/REGLUR



Á landi:

ADR/RID flokkur: F1 Eldfimir vökvar

Hættuflokkur (Kemler):

UN: 1263

Pökkunarflokkur: II

Hættumerking: 3



Á legi:

IMDG flokkur: 3
UN: 1263
Merking: 3
Pökkunarflokkur: II
EMS númer: F-E, S-E
Nafn: PAINT



Í lofti:

ICAO/IATA flokkur: 3
UN/ID númer: 1263
Merking: 3
Pökkunarflokkur: II

15. LÖG OG REGLUGERÐIR SEM VARÐA EFNID.

Efnið hefur verið flokkað og merkt samkvæmt gildandi reglum EU.

Varúðarmerkingar:

Xi Ertandi



F Mjög eldfimt



Hættusetningar:

H11 Mjög eldfimt
H36 Ertir augu
H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Varnaðarsetningar:

V2 Geymist þar sem börn ná ekki til

V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar

V24 Varist snertingu við húð

V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis

V35 Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt

V37 Notið viðeigandi hlífðarhanska

V46 Leitið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar

Sérstakar merkingar:

Polyisocyanate, aliphatic aromatic.

Inniheldur ísócyanöt. Sjá nánari upplýsingar frá framleiðanda.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Þessar upplýsingar eru byggðar á núverandi þekkingu okkar. Samt sem áður skal þetta ekki teljast sem ábyrgð á neinum sérstökum eiginleikum vörunnar og skapar engin lagalega bundin samningstengsl.

Viðeigandi H-setningar:

H11 Mjög eldfimt

H36 Ertir augu

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima